



Erindi til sveitarfélaga innan SSNE

Norðurlandi eystra, 08. apríl 2026

Efni: Skipun í samvinnuvettvang sveitarfélaga fyrir framfylgd Loftslagsstefnu Norðurlands eystra.

Á Ársþingi SSNE, sem haldið var 26.mars. s.l., var Loftslagsstefna Norðurlands eystra 2026 samþykkt. Stefnan gerir ráð fyrir að sveitarfélögin skipi fulltrúa í samvinnuvettvang sem er ætlað að vinna að framfylgd stefnunnar, vinna saman að fyrirliggjandi markmiðum og taka samtaka skref í aðgerðum.

Ábyrgðaraðili hópsins verður starfsmaður SSNE og gert er ráð fyrir að hópurinn sé skipaður „sviðsstjórum umhverfismála“ allra sveitarfélaganna innan SSNE. Eftir 2 ár skilar hópurinn stöðumati um árangurinn sem náðst hefur og kemur af stað vinnu við uppfærslu aðgerða. Hópurinn fundar a.m.k. tvisvar á ári og mögulega oftar.

Óskað eftir því að skipun sveitarfélagsins í hópinn berist til undirritaðrar, fyrir lok aprílmánaðar. Stefnt er að því fyrsti fundur hópsins verði í maí.

Virðingarfyllst,

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
framkvæmdastjóri SSNE